

# MOLLY JAKKAPEYSA

ÚR BØRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN



# MOLLY JAKKAPEYSA

ÚR BØRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN

## GARN

Børstet uld (150 metrar, 25% alpakka, 57% ull, 18% nylon,).

Magn: 4 (4) 4 (5) 6 (6) 7 hnotur.

**STÆRÐIR** S (M) L (XL) 2XL (3XL) 4XL

Peysan á mynd er úr Roseline frá Hjertegarn sem er sambærilegt garn með prjónfestu 13/14 L á 10 sm. Það er því gott að mæla prjónfestuna á peysunni.

**PRJÓNFESTA** 14 lykkjur og 20 umferðir sléttprjón á prjóna nr. 7 = 10 x 10 sm.

**UMMÁL Á BRINGU** U.p.b. 106 (112) 118 (124) 130 (136) 143 sm.

**HEILDARLENGD** U.p.b. 64 (65) 66 (67) 68 (69) 70 sm.

## PRJÓNAR

Sokkaprjónar nr. 6 og 7/eða hringprjónn 40 sm nr. 7. (t.d. ZING frá Knitpro.)

Hringprjónn 80 sm. (t.d. ZING frá Knitpro.)

## FYLGIRHLUTIR

Merkihringir t.d. Lock frá Knitpro, frágangsnál Knitpro, prjónanælur frá Prym eða Knitpro, prjónfestumál frá Knitpro, tölur eða krækjur ef vill.

## Prjónaaðferð

Byrjað er neðst á peysunni og hún prjónuð fram og til baka með sléttu prjóni. Þegar ermar eru komnar inn á prjóninn er tekið úr í laska á réttunni.

Prjónið fyrstu og síðustu lykkjurnar alltaf slétt til að fá fallegan kant á framstykkin. Það eru ekki gerð

hnappagöt þar sem lykkjurnar eru það stórar að auðvelt er að ýta tölu í gegn.

## Bolur

Fitjið upp 135 (143) 151 (159) 167 (175) 183 lykkjur á hringprjón nr. 6 og prjónið 1 kantlykkju slétt. Prjónið brugðningu (1slétt, 1 brugðin).

Prjónið 34 (36) 38 (40) 42 (44) 46 lykkjur og látið merkihring í stykkið = hægra framstykki.

Prjónið 67 (71) 75 (79) 83 (87) 91 lykkjur og látið merkihring í stykkið = bakstykki, prjónið 34 (36) 38 (40) 42 (44) 46 lykkjur = vinstra framstykki, endið á 1 kantlykkju, slétt.

Prjónið 6 sm. brugðningu fram og til baka (síðasta umferðin er á röngunni).

Skiptið yfir á hringprjón nr. 7. Prjónið brugðningu yfir 5 fyrstu og 5 síðustu lykkjurnar á prjóninum = listar á hægra og vinstra framstykki, prjónið hinar lykkjurnar með sléttuprjóni.

Prjónið þar til stykkið mælist 32 sm. eða eins og passar, síðasta umferðin er á röngunni.

Næsta umferð: Fellið af 5 lykkjur sitthvoru megin við merkihringina í hliðunum fyrir handveg = 115 (123) 131 (139) 147 (155) 163 lykkjur á prjóninum.

Geymið bolinn og prjónið ermar.

## Ermi

Fitjið upp 32 (34) 36 (38) 40 (42) 44 lykkjur á sokkaprjóna nr. 6 (eða hringprjón nr. 6 ef þið gerið magic loop).

Látið merkihring í byrjun á umferðinni og prjónið 6 sm. brugðningu eins og á bolnum.

Skiptið yfir á sokkaprjóna/hringprjón nr. 7 og prjónið slétt, **jafnframt** er aukið í 1 lykkju sitthvoru megin við merkihringinn með 2ja sm. millibili þar til 50 (52) 54 (56) 58 (60) 62 lykkjur eru á prjónunum.

Prjónið þar til ermin mælist 42 sm. eða eins og passar.  
Fellið af 5 lykkjur sitthvoru megin við merkihringinn fyrir  
handveg = 40 (42) 44 (46) 48 (50) 52 lykkjur á  
prjónunum.

Geymið ermina og prjónið aðra ermi eins.

### Berustykki

Sameinið ermar og bol á hringprjón nr. 7  
= 195 (207) 219 (231) 243 (255) 267 lykkjur á  
prjóninum.

Byrjið umferðina á röngunni og prjónið áfram  
brugðninguna á framstykkjunum eins og áður, látið  
merkihring í hver samskeyti á bol og ermi = 4  
merkihringir í stykkinu.

Gerið laskaúrtöku í næstu umferð (réttan):

\*prjónið slétt þar til 3 lykkjur eru að merkihringnum,  
takið 1 lykkju óprjónaða fram af og láta hana snúið yfir  
á vinstri prjóninn, prjónið 2 snúið slétt saman, 1 slétt\*  
(færið merkihringinn yfir á hægri prjóninn), prjónið 1  
slétt, 2 slétt saman, endurtakið frá \*til\* út umferðina,  
gerið úrtöku í annarri hverri umferð alltf á réttunni.

Þegar (24) 24 (26) 26 (28) 28 (30) lykkjur eru á hægri  
framstykkinu (réttan) eru 5 fyrstu og 5 síðustu  
lykkjurnar látnar á prjónanælu (brugðningin) og þær  
geymdar.

Fellið af 3,2,1,1 lykkju í byrjun umferðar og haldið  
áfram með laskaúrtöku þar til búið er að taka úr allar

lykkjur á framstykkjunum. Fellið af lykkjurnar sem eftir  
eru.

### Frágangur og hálslíning

Saumið handveginn saman á röngunni og gangið vel  
frá öllum endum.

Færið lykkjurnar af prjónanælunni yfir á hringprjón nr.  
6 og prjónið upp 1 lykkju af hverri umferð meðfram  
hægri hlið á hálsmálinu, prjónið upp 1 lykkju af hverri  
lykkju sem felld var af á bakstykkinu og prjónið upp 1  
lykkju af hverri umferð á vinstri hlið á hálsmálinu.

Færið lykkjurnar af prjónanælunni yfir á prjóninn.  
Prjónið fram og til baka 3 sm. brugðningu (munið eftir  
1 sléttu kantlykkju á hvorum enda). Fellið af með  
sléttum og brugðnum lykkjum.

Til hamingju með nýju peysuna! 😊

Við mælum með **ZING** álprjónum frá Knitpro.

Frábær oddur og renna vel í gegnum ullargarn.

Léttir og liprir og nikkelfríir. Sér litur fyrir hverja stærð.

Þú færð garn og prjóna í m.a. í JYSK, Hagkaup, Rokku,  
Nettó Egilsstöðum ofl. söluaðilum um land allt.

Einnig fæst allt á [www.tinna.is](http://www.tinna.is)



Knitpro prjónfestumál, nælur og **ZING** prjónar



